

Námsáætlun – Vor 2015

7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Sigga Víkings og Sigga Hreins

Tímabil	Markmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Jan- maí	<p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim, • metið árangur sinn, • spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna, • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. 	Áætlanagerð	Nemendur gera áætlanir vikulega allan veturinn. Þar setja þeir sér einföld markmið út frá þeim verkefnum sem þeir hafa valið sér eða sem kennari setur þeim fyrir. Í lok hvernar viku fer nemandi yfir hvort markmið vikunnar hafi náðst og áætlun gerð um að bæta úr því ef þess þarf. Námsmat nemenda er að stórum hluta byggt á þessu mati.	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.
Jan-maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, • lesið með góðum hraða af skilningi • valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p>	Frjálslestrarbækur umsögn um bækurnar	Nemendur velja bækur og lesa, í tímum og heima. Að loknum lestri skrifa þeir stutta greinargerð um bókina, stuttan útdrátt og um helstu persónur, tíma og umhverfi. Einnig um það hvernig bókina hafði áhrif á þá sjálfa. Einu sinni	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Lestrarpróf Lesskilningspróf.

	<ul style="list-style-type: none"> tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. 		í viku verða svo stuttar bókakynningar í leshring.	
Jan- maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu s.s greinaskil, greinamerki og efnisgreinar, vandað frágang. 	Skrifa dagbók eða ýmis ritunarverkefni tengd náttúru og samfélagsfræði	Nemendur skrifa ½ - 1 bls á dag um hvað sem er að gerast í lífi þeirra. Tími er gefinn í skólanum til skrifanna en annars er það unnið heima.	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.
janúar og maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. 	Stafsetningaræfingar	Fyrir utan almennan lestur er farið yfir helstu stafsetningarreglur og nokkrar æfingar unnar í stafsetningarkennslubókinni Mál er miðill.	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Stafsetningarpróf til að skoða framfarir
Jan- feb	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> áttað sig á hvernig tækni og mannlegar athafna s.s. stríð og trúarbrögð hafa áhrif á samfélög og umhverfi, gert sér lauslega grein fyrir þeim þáttum sem skipta mestu máli hjá hverri þjóð, s.s. menntunarstig, samgöngur, auðlindir, atvinnuhættir o.s. frv. notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga, rætt á upplýstan hátt um atburði og persónur sem hafa sett svip sinn á 	Evrópuverkefni Samþætt með samfélagsfr.	Förum yfir almenna þætti um landafræði Evrópu á bls. 4-27 með ýmsum aðferðum; s.s. innlögn, kortaskoðun, Google earth, fréttaskoðun og ýmsum litlum verkefnum. Einnig verða skoðaðir helstu atburðir og persónur sem setta hafa svip sinn á evrópu síðustu aldir. Að því búnu velja nemendur sér land og fara í söguaðferðarverkefni	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum

	<p>sögu og umhverfi Evrópu,</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á hvað hann þarf að hafa í huga þegar ferðast er til útlanda, s.s, tímamismun, gjaldmiðli, siðum, samgöngum, veðurfari, matarvenjum, • áttað sig á hvaða staðir eru áhugaverðir og spennandi til að skoð. 		<p>þar sem þeir búa til persónur og búa þær undir allt sem þarf fyrir ferðalag til landsins.</p>	
feb og apríl	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér nokkra grein fyrir málfarslegri stöðu sinni og gert áætlanir um að bæta hana, • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, • gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun, • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra, • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta, • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar, • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað, • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og 	Málfræði- og málnotkun.	<p>Ýmis verkefni unnin úr kennslubókinni Málrækt 3 og Skruddu. Ýmis tilbúin verkefni frá kennara.</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Málfræðipróf til að meta suma þætti málfræðinnar, taka stöðu og framfarir</p>

	stafsetningu.			
Feb- mars	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap. 	Teiknimyndasöguverkefni	Nemendur lesa eina teiknimyndasögu, skrifa útdrátt úr henni, greina frá aðal- og aukapersónum , tíma, umhverfi, sjónarhorni og ýmsu fleiru sem hafa þarf í huga þegar teiknimyndasaga er skrifuð. Verkefni skilað með glærusýningu. Nemendur búa til teiknimyndasögu annað hvort með því að teikna sjálfir eða með Pivot-töflu eða einhverju sambærilegu sem þeir hafa aðgang að í tölvu.	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.
Feb-Mars	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • táð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar, • tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar, • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og kynnt ritunina, • tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. 	Æfa framsögn- lesa upp ljóð, semja ræðu og flytja. Stóra upplestrarkeppnin	Verkefni eru unnin að hluta til með ljóðavinnu. Farið er yfir helstu þætti sem hafa ber í huga við framsögn. Nemendur halda ýmsar gerðir ræðu, mínútu ræðu, ljóðaupplestur og semja ræður til flutnings. Framsögn er líka æfð samfar ýmsum verkefnum sem búin eru til flutnings fyrir aðra. Nemendur taka	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.

	<p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum, • gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni, • hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. 		<p>þátt í kappræðum um fyrirfram ákveðin málefni samkvæmt ákveðnum reglum um kappræður. Einhverjir eru með og einhverjir á móti málefninu.</p>	
jan-maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum, • áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum. 	<p>Heimspækileg umræða, samþætting við lífsleikni og samfélagsfræði</p>	<p>Nemendur skoða ýmiskonar staðalmyndir á netinu og víðar. Þeir gera glærुकynningu þar sem þeir útskýra með dæmum staðalmyndir og áhrif þeirra á ungt fólk. Nemendur fara í naflaskoðun og velta fyrir sér sínum fyrirmyndum og hvort þeir séu mótuð af einhverjum staðalmyndum. Þeir reyna að finna styrkleika sína og veikleika og velta fyrir sér hvernig þeir geti nýtt styrkleikana sem best í</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.</p>

			sínu námi og hagað áætlanagerð í samræmi við það. Tilfinningaskalinn verður skoðaður og nokkrar dyggðir og unnin verkefni í tengslum við það. Hópþrýstingur og ýmis önnur áreiti rædd og skoðuð. Unnin verða verkefni í tengslum við jafnrétti og kynhlutverk.	
Mars	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð á að miðla verkefni, • sýnt ábyrgð í hópastarfi. 	Samþætting við náttúrufræði – vinna verkefni ætlað yngri nemendum. Undirbúa kennslu fyrir þá.	Nemendur hanna einfaldan hlut úr pappír, spýtum og fleira efna þar sem ýmis lögmál náttúrunnar eru prófuð og skýrð. Þeir prófa hlutinn og bæta. Að því loknu aðstoða þeir yngri nemendur við að gera sama hlut og aðstoða þá við að prófa og laga.	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.
Mars apríl	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga, • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær, 	Söguverkefni- Ísland Ýmis verkefni og stutt heimildaritgerð Samþætting við samfélagsfræði	Nemendur vinna fjölskylduverkefni, samanburður fyrr og nú. Heimsækjum elliheimili, Nemendur skoða þýðingu þess að hafa lýðræði og kynnast helstu stofnunum í samfélaginu s.s menntakerfinu,	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.

	<ul style="list-style-type: none"> • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, tjáð hugmyndir sínar og reynslu og kynnt ritunina á fjölbreyttan hátt, • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, • vísað til heimilda, • valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirsmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni, • nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. 		<p>heilbrigðiskerfinu, alþingi o.fl. Nemendur vinna valin verkefni í sjálboðavinnu til að sýna smhjálp og kynnast velferð. Nemendur kynna sér hvernig samfélagsgerð á Íslandi hefur breyst úr sveit í bær og hvernig atvinnuhættir hafa breyst úr bændasamfélag í sjávarþorp í þjónusta og iðnaður, tækni og ferðaþjónustu. Skoðaður verður kostnaður við neyslu samþætt með stærðfræði.</p> <p>Slysavarnarverkefni (Á ögurstundu).. Nemendur skrifa stutta heimildaritgerð um valið efni úr Íslandssögunni s.s landhelgisstríðin, forseta Íslands, síldarævintýrin, háskóla, menntaskóla.</p>	
maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið texta af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð. 	Lestur- goðafræði – lesskilningsverkefni og endursögn, greina aðalatriði	Nemendur lesa goðafræðibækurnar Óðinn og bræður hans og Æsir á fljúgandi ferð. Þeir endursegja og vinna ýmis verkefni m.a. myndbönd	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.

			eða leikrit upp úr sögunum. Horft verður á bíómyndir um Þór og borið saman við sögurnar. Lesskilningsverkefni.	
maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> •geti tjáð sig á leikrænan hátt. 	Lesna smásögur og nemendur endursegja	Kennari les stuttar sögur sem nemendur hlusta á og endursegja. Verkefni unnin upp úr því s.s. leikrit eða þættir.	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum.

Námsáætlun –vor 2014

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Sigríður Víkingisdóttir og Sigríður Hreinsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar	Að nemandi; <ul style="list-style-type: none"> •kunni að deila og margfalda, • geti skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu, • geti notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum, 	Margföldun og deiling	Unnið verður á fjölbreyttan hátt við að deila og margfalda, s.s með tölvuforritum, spilum og leikjum.	Próf úr efnispáttum. Verkefni útikennslu metin ásamt heimavinna.
Febrúar	Að nemandi geti; <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum. • sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi, 	Rúmfræði	Unnið með ýmislegt sem tengist rúmfræði og formum. Mikil útikennsla í tengslum við teikningar og hornamælingar.	Próf úr efnispáttum. Verkefni bæði inni og útikennslu metin ásamt heimavinna.
Mars	Að nemandi geti; <ul style="list-style-type: none"> •áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum, •notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það, 	Mælingar	Unnin verkefni í bókinni. Lögð verður áhersla á útikennslu í þessum þætti.	Próf úr efnispáttum. Verkefni bæði inni og útikennslu metin ásamt heimavinna.
Apríl	Að nemandi geti; <ul style="list-style-type: none"> •notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum, 	Almenn brot og prósentur Reikningur	Í þessum þætti verður mest unnið úr verkefnum í kennslubók. Einnig verða	Próf úr efnispáttum. Verkefni bæði inni og útikennslu metin ásamt

	<ul style="list-style-type: none"> •skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu, 		unnin verkefni úr daglegu lífi og viðskiptum.	heimavinna.
Maí	<p>Að nemandi geti;</p> <ul style="list-style-type: none"> •rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning, •rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar, • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum, 	Mynstur og algebra	Í þessum þætti verður mest unnið úr verkefnum í kennslubók. Einnig förum við í ýmsa leiki og mynsturgerð.	Próf úr efnisþáttum. Verkefni bæði inni og útikennslu metin ásamt heimavinna.

Námsáætlun – vor 2014

Námshæfnisgrein: Náttúrufræði og samfélagsfræði

Kennari: Sigríður Víkingisdóttir, Sigríður Hreinsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Jan-feb	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á hvernig tækni og mannlegar athafna s.s. stríð og trúarbrögð hafa áhrif á samfélög og umhverfi, • gert sér lauslega grein fyrir þeim þáttum sem skipta mestu máli hjá hverri þjóð, s.s. menntunarstig, samgöngur, auðlindir, atvinnuhættir o.s. frv., • notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga, • rætt á upplýstan hátt um atburði og persónur sem hafa sett svip sinn á sögu og umhverfi Evrópu, • áttað sig á hvað hann þarf að hafa í huga þegar ferðast er til útlanda, s.s. tímamismun, gjaldmiðli, siðum, samgöngum, veðurfari, matarvenjum, • áttað sig á hvaða staðir eru áhugaverðir og spennandi til að skoð. 	<p>Evrópuverkefni Samþætt með íslensku.</p>	<p>Förum yfir almenna þætti um landafræði Evrópu með ýmsum aðferðum; s.s. innlögn, kortaskoðun, Google earth, fréttaskoðun og ýmsum litlum verkefnum. Einnig verða skoðaðir helstu atburðir og persónur sem sett hafa svip sinn á Evrópu síðustu aldir. Að því búnu velja nemendur sér land og fara í söguaðferðarverkefni þar sem þeir búa til persónur og búa þær undir allt sem þarf fyrir ferðalag til landsins.</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum</p>
Feb	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á 	<p>Efnafræði</p>	<p>Unnið að verkefni í samstarfi við foreldra þar sem þau leita uppi</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum</p>

	<p>heilsu manna og umhverfi,</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti, • kannist við helstu efni í lotukerfinu. 		<p>hættuleg efni sem þau þurfa að varast. Unnin verkefni sem taka á þáttum eins og efnasambandi og efnablöndu, hrein efni, frumefni og hamskipti efna. Einhver verkefni unnin úr bókinni Auðvitað-heimilið.</p>	
Feb	<p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu, • lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa og dygða fyrir eigin sjálfsvitund, • áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast, • gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum, • vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, • lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun, • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti, • metið jákvæð og neikvæð áhrif 	<p>Sjálfsmynd og staðalímyndir</p>	<p>Nemendur skoða ýmiskonar staðalmyndir á netinu og víðar. Þeir gera glærukynningu þar sem þeir útskýra með dæmum staðalmyndir og áhrif þeirra á ungt fólk. Nemendur fara í naflaskoðun og velta fyrir sér sínum fyrirmyndum og hvort þeir séu mótaðir af einhverjum staðalmyndum. Þeir reyna að finna styrkleika sína og veikleika og velta fyrir sér hvernig þeir geti nýtt styrkleikana sem best í sínu námi og hagað áætlanagerð í samræmi við það. Tilfinningaskalinn verður skoðaður og</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum</p>

	<p>ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir að allir ættu að vera jafnir. 		<p>nokkrar dyggðir og unnin verkefni í tengslum við það. Hópþrýstingur og ýmis önnur áreiti rædd og skoðuð. Unnin verða verkefni í tengslum við jafnrétti og kynhlutverk.</p>	
Mars	<p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum, • sýnt ábyrgð í hópastarfi, • vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og þróa verkefnið út frá því, • tekið þátt í að miðla viðfangsefnum til annarra á skapandi hátt. <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið undir leiðsögn í hópi við að hanna á skapandi hátt hlut eða kerfi, 	<p>Samþætting við íslensku og lykilhæfni – vinna verkefni ætlað yngri nemendum. Undirbúa kennslu fyrir þá.</p>	<p>Nemendur hanna einfaldan hlut úr pappír, spýtum og fleira efna þar sem ýmis lögmál náttúrunnar (s.s. kraftar og mótstaða) eru prófuð og skýrð. Þeir prófa hlutinn og bæta. Að því loknu aðstoða þeir yngri nemendur við að gera sama hlut og aðstoða þá við að prófa og laga.</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum</p>
Mars-ap	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra, • lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta, • gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins, • gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd 	<p>Söguverkefni- Ísland. Ýmis verkefni og stutt heimildaritgerð.</p>	<p>Nemendur vinna fjölskylduverkefni, samanburður fyrr og nú. Heimsækjum elliheimili, Nemendur skoða þýðingu þess að hafa lýðræði og kynnast helstu stofnunum í samfélaginu s.s menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu, alþingi o.fl. Nemendur vinna</p>	<p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Heimildaritgerð metin</p>

	<p>hennar í samfélaginu,</p> <ul style="list-style-type: none"> • lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga, • sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið, • séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni, • útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skiplögð, • lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti, • greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, • fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. 		<p>valin verkefni í sjálboðavinnu til að sýna smhjálp og kynnst velferð. Nemendur kynna sér hvernig samfélagsgerð á Íslandi hefur breyst úr sveit í bær og hvernig atvinnuhættir hafa breyst úr bændasamfélag í sjávarþorp og kjarna fyrir þjónustu, iðnað, tækni og ferðaþjónustu. Skoðaður verður kostnaður við neyslu, samþætt með stærðfræði. Slysavarnarverkefni (Á ögurstundu).. Nemendur skrifa stutta heimildaritgerð um valið efni úr Íslandssögunni s.s landhelgisstríðin, forseta Íslands, síldarævintýrin, háskóla, menntaskóla.</p>	
Ap-maí	<p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd, • lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna, • lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra, 	Rafmagn, varmi, orka.	<p>Unnin valin verkefni úr Auðvitað – heimilið. Farið í Norðurorku, Glerárstöð skoðuð. Fjöldi tilrauna með rafmagn og segla. Einhver verkefni unnin úr bókinni Auðvitað-heimilið.</p>	Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum

Námsáætlun – enska í 7. bekk vor 2015

Námsgrein: Enska

Kennari: Sigríður Víkingsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
jan – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum, • fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni, • fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta. 	Hlustun	<p>Hlustunaræfingar eru í hverri viku.</p> <p>Einföld fyrirmæli eru lögð fyrir nemendur og kannað hvort þeir skilji.</p> <p>Nemendur hlusta á efni sem fylgir kennslubók og svara í vinnubók.</p> <p>Nemendur horfa og hlusta á stutta þætti og myndir og greina frá efni þeirra í grófum dráttum, skriflega og/eða munnlega.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Hlustunarverk-efni í vinnubók metin, hlustunarpróf og verkefni.</p>
jan – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <p>skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,</p> <ul style="list-style-type: none"> • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, • lesið sér til gagns og gamans stuttar, 	Lesskilningur	<p>Lesskilningsæfingar eru í hverri viku.</p> <p>Nemendur lesa ýmsan texta t.d. úr kennslubók, greinar úr blöðum og af neti og svara spurningum til að kanna skilning.</p> <p>Nemendur finna upplýsingar í textanum.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Lesskilningspróf og verkefni í vinnubók metin reglulega.</p>

	<p>einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.</p> <p>Lykilhæfni: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám, 		<p>Nemendur velja stutta sögu af bókasafni og lesa. Munnleg grein gerð fyrir skilningi.. Þeim er skipt í hópa og þau gera stuttan leikþátt eða taka upp myndband um söguna.</p>	
jan – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista, • lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, • skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst, • samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. 	Ritun	<p>Ritunaræfingar eru í hverri viku.</p> <p>Nemendur skila ritunarverkefnum í hverri viku.</p> <p>Ritunarverkefni í vinnubók Action metið.</p> <p>Nemendur skrifa og útbúa kynningu um uppáhalds hljómsveit eða tónlistarmann.</p> <p>Nemendur skrifa handrit að hasar- eða spennustuttmynd. Leika það og taka upp á vídeó og sýna bekknum.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Ritunarverkefni í hverri viku</p> <p>verkefni í vinnubók metin reglulega..</p>
jan – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst 	Samskipti	<p>Samskiptaæfingar eru í hverri viku.</p> <p>Nemendur semja</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu, • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. 		<p>spurningar sem líklegt er að þeir þurfi að spyrja að erlendis (samþætting við Evrópuverkefni). Þeir búa líka til svör og æfa samtalsþátt.</p>	
jan – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv., • flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. <p>Lykilhæfni:</p> <p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla, • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum, • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. 	Frásögn / tjáning	<p>Frásagnarsæfingar eru í reglulega.</p> <p>Nemendur skrifa stuttar kynningar um ýmis efni og kynna fyrir bekknum</p> <p>Nemendur semja ferðakynningu um landið sem þeir völdu í Evrópuverkefni (sjá íslensku og samfélagsfræði) og sýna eingöngu myndir frá fallegum stöðum í landinu og kynna eins og þeir væru leiðsögumenn.</p> <p>Nemendur skrifa handrit að hasar- eða spennustuttmynd. Leika það og taka upp á vídeó og sýna bekknum.</p> <p>Nemendur flytja kynningu um uppáhaldstónlistarmann.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Stuttmynd, samtöl</p> <p>Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla raðast nemendur á 3 stig eftir getu. Í 7. bekk ættu nemendur að vera að ljúka 1. stigi. Metið er hversu sterkir þeir eru á stiginu á skalanum A, B,C og D.</p>

Námsáætlun – danska í 7. bekk veturinn 2014-15

Námsgrein: Danska

Kennari: Sigríður Hreinsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Sept -maí	<p>Lykilhæfni: Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi, • skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína. 	Markmiðasetning	Nemendur setja sér persónuleg markmið og meta hvernig hefur gengið að ná þeim	Símat, verkefni og vinna í tímum metin. Metnir eru 5 þættir: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn og ritun.
Sept – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum, • fylgt meginþræði í mjög einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni, • fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá 	Hlustun	Hlustunaræfingar eru reglulega. Einföld fyrirmæli eru lögð fyrir nemendur og kannað hvort þeir skilji. Nemendur hlusta á efni sem fylgir kennslubók og svara í vinnubók. Nemendur horfa á stutta þætti og myndbönd og vinna munnleg og/eða skrifleg hópverkefni úr þeim.	Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Hlustunarverk-efni í vinnubók metin, hlustunarpróf og verkefni.

	Því helsta.			
Sept – maí	<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilið megininntak í stuttum einföldum textum með stuðningi af myndum • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, • lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfalda teksta úr fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina. <p>Lykilhæfni:</p> <p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám. 	Lesskilningur	<p>Lesskilningsæfingar eru í hverri viku.</p> <p>Nemendur lesa ýmsa texta t.d úr kennslubók, og af net, glósa orð, fara í ýmsa námsleiki við að ná orðaforða og svara spurningum til að kanna skilning. Nemendur finna upplýsingar í textanum.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Lesskilningspróf og verkefni í vinnubók metin reglulega.</p>
Sept – maí	<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin, • skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista, • lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og 	Ritun	<p>Skrifa kynningu á sér og fjölskyldu sinni</p> <p>Nemendur skrifa lýsingu á sjálfum sér og áhugamálum og búa til annað hvort kynningu á myndbandi eða powerpoint.</p> <p>Skrifa verkefni um dýr í Danmörku og lýsingarorð</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Ritunarverkefni reglulega og verkefni í vinnubók metin reglulega..</p>

	<p>umhverfi,</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst, • samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. 		<p>Skrifa sms skilaboð og hengja upp í stofunni.</p>	
Sept – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, • skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu, • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. 	Samskipti	<p>Samskiptaæfingar eru í hverri viku.</p> <p>Nemendur taka þátt í ýmsum samskiptaleikjum, búa til leikþátt og æfa sig í tímum og spyrja og svara á dönsku.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p>
Sept – maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv., • flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa, • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. <p>Lykilhæfni:</p> <p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla, 	Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> • Segja frá sér og fjölskyldunni • Segja frá dýrinu sem þeirri völdu, • Hlusta á tónlist og segja frá • Búa til texta og tónlistarmyndband • Flytja samda leikþætti um afmarkað efni • Lesa upp eigin teksta 	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.</p> <p>Aðalnámskrá grunnskóla raðast nemendur á 3 stig eftir getu. Í 7. bekk ættu nemendur að vera að ljúka 1. stigi. Metið er hversu sterkir þeir eru á stiginu á skalanum A, B,C og D.</p>

	<ul style="list-style-type: none">• gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum,• tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.			
--	--	--	--	--

Námsáætlun – Vor 2015

7. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar	Að nemandi; ...vinni sjálfstætt eftir vinnufelri frá hugmynd til afurðar. ...beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt ...greint og beitt fjölbreyttum aðferðurm og tækni	Fjölfeldiaðferðir Grafík Þematengd viðfangsefni	Innlögn verkefnis Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn	Símat – byggt á virkni, vinnubrögðum og viðhorfi til námsins – frammistaða nemenda í kennslustundum
Febrúar	...sýni vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar ...sýni frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda ...tjái skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun ...beiti helstu tækni sem námsgreinin býr yfir ...taki mið af og lagi framsetningu að kröfum viðfangsefnisins	Hugmyndavinna Efniviður og aðferðir Tjáning í lit og formi Listasagan – listamenn og listastefnur	Innlögn – kynning – sýnd dæmi um mismuandni vinnubögd Verklegar æfingar Tilraunir Einstaklingsleiðsögn	Símat í kennslustundum Hugmyndavinna – úrlausn og vinnuferli hugmynda Heildarverkefni metið með tilliti til skráðra markmiða
Mars	...beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir ...prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla ...tjáð skoðanir eða tilfinninga í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu	Litafræði Blöndun lita – litasamsetningar – Formfræði Ljósmyndir og tölvur	Innlögn verkefnis Verklegar æfingar Tilraunir Einstaklingsleiðsögn	Símat – virkni, vinnubrögð, viðhorf Sjálfstæð vinnubrögð Frumleiki - áræðni

Apríl	<p>...beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni</p> <p>...þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna</p> <p>...geint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun</p> <p>...greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum</p>	<p>Prófíll – hver er ég?</p> <p>Listasagan – listamenn og listastefnur</p>	<p>Innlögn verkefna</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat – virkni, vinnubrögð, viðhorf</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð - frumleiki</p>
Maí	<p>...hagnýtt í einföldum verkefnum leikni sem hann hefur öðlast</p> <p>...unnið út frá kveikju við eigin listsköpun</p> <p>...beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt</p> <p>...greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum</p>	<p>„að sjá“ sjónræn yfirfærsla</p> <p>Mismunandi tilgangur mynda</p> <p>Hugmyndavinna – úrvinnsla</p>	<p>Innlögn</p> <p>Vettvangsathugun – grenndarkennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat – sjálfsmat</p> <p>Endanleg verk metin með tilliti til markmða sem sett voru</p>

Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Upplýsingamennt

Kennari: Heimir Freysson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - júní	<ul style="list-style-type: none">• læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu og geti farið eftir reglum sem gilda í tölvuveri• kunni að vista skjöl og ná í vistuð skjöl• setji upp margþætt skjöl í ritvinnslu.• geti notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt• geti nýtt sér kennsluforrit er hæfa aldri og getu hafi náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði og tileinkað sér réttar vinnustellingar.• geti farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra• þekki helstu leitarmöguleika á Netinu og geti nýtt sér þá við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.	<p>Tölvukennsla</p> <p>Microsoft Word Microsoft Publisher Microsoft Excel</p> <p>Scratch</p> <p>Ýmsar vefsíður með þjálfunarefni í fingrasetningu.</p>	<p>Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga. Einnig er lögð áhersla á góða umgengni við tölvur, bæði í skólanum og utan hans.</p>	<p>Símat byggt á vinnu nemenda og virkni. Námsmatsverkefni í Word og Excel</p>

Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Heimilisfræði fyrir 7. bekk

Kennari: Þóra G. Jóhannsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
1. Vika 4 tímar	Unnið sjálfstætt eftir uppskrift og breytt gr í dl og öfugt. Þjálfa bakstursaðferðir og steikingu Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Pönnusteiking: pönnukökur Nanbrauð	Innlögn, sýnikennsla, para og hópavinna.	Símat
2. Vika 4 tímar	Að þjálfa helstu bakstursaðferðir	Hrært deig Þeytt deig	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingsvinna og paravinna, einstaklingskennsla	Símat Sjálfsmat
3. Vika 4 tímar	Vinna við sömu markmið	Hnoðað deig Gerdeig Pönnusteiking	Innlögn, sýnikennsla, paravinna og hópastarf	Símat Sjálfsmat
4. Vika 4 tímar	Geti tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni. Áttað sig á uppruna helstu matvæla. Tekið tillit til annara í hópavinnu og sýnt frumkvæði.	Nota íslenskt hráefni og grænmeti sem nemendur skólans hafa ræktað sjálf (Frosið)	Innlögn, sýnikennsla, para og hópavinna	Símat
5. Vika 4 tímar	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum	Steiking: Núðluréttir Mexíkóskur matur		Símat

6. Vika 4 tímar	Geti nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla	Nemendur finna uppskriftir og upplýsingar á netinu eða í öðrum miðli og skipuleggja næsta tíma. Vinna eftir eigin skipulagi	Innlögn, hópavinna.	Símat Sjálfsmat
7. Vika 4 tímar	Geti metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau. Að vera læs á umbúðamerkingar	Suða, steiking, bakstur, frágangur á vinnustað.	Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna.	Símat Sjálfsmat
8. Vika 4 tímar	Áframhaldandi æfingar í að efla sjálfstæð vinnubrögð.	Steiking, suða, bakstur. Pítur með hakki og grænmeti.	Innlögn, para og hópavinna, samvinna.	Símat
9. Vika 4 tímar		Verklegt próf		Frammistöðumat
10.vika 4 tímar		Frjáls tími.		Sjálfsmat

Námsáætlun – Vor 2015

7.bekkur

Námsgrein:Íþróttir

Kennari:Hrefna og Kári

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
5.janúar- 8.maí	Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Kynning á sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði	Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálssar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL	Leikir ráðandi þáttur	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.
11.maí- 29.maí	Fjölbreytt hreyfinám Læra klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans	Útíþróttir	Boginn, frjálssíþróttavöllur á Þórssvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stigin við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.

Námsáætlun Vor 2015

Námsgrein: Sund

Kennari: Ingibjörg Kristín

Mætingar: Nemendur skulu skila miða frá foreldri þar sem greint er frá ástæðu geti þeir ekki tekið þátt í kennslustund. Nemendur sem ekki taka þátt, eru á bakkanum og fylgjast með uns tíma lýkur.

Gleymi nemandi sundfötum oftár en einu sinni er skráð fjarvist. Nemendur geta farið heim í byrjun tíma og náð í sundfatnað og tekið þátt í því sem eftir er af tímanum. Ekki er skráð *seint* í þann tíma.

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Jan-maí	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">nái góðum tókum á helstu sunnaðferðum og auki þol sitt og styrk.Geti synt 200 metra án þess að stoppa og stíga í botn	Þolþjálfun, Sundaðferðir rifjaðar upp Gaman, fjölbreytni, þol Tækniæfingar mismunandi sunnaðferða	Valin er ein sunnaðferð á mánuði og farið sérstaklega í tækniatriði hennar. Leikir og fjölbreytt viðfangsefni í hverjum mánuði til að auka ánægju og þátttöku nemenda.	Mæting og þátttaka í kennslustundum er metin. Nemendur taka próf sem hæfir viðkomandi aldri. Þar er horft á færni/tækni og einnig er hraði metin í einstaka sunnaðferðum.